

77. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 2. október 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Anna S. Guðmundsdóttir fulltrúi starfsfólks í leikskóla, Sesselja Kristinsdóttir fulltrúi kennara í grunnskóla.

Formaður setti fund og bauð nýja fulltrúa velkomna.

1. Skýrslur skólastjóra.

1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Skólastarfið sem af er:

Eydís Jónsdóttir hefur verið ráðin í stöðu stuðningsfulltrúa við skólann.

Foreldrafundir eru afstaðnir og gengu nokkuð vel. Mætingar á foreldrafundi mega þó vera betri. Í nokkrum bekkjardeildum var rætt um mótuneytið og hefur skólastjóri fundað með hóteltjóra og farið yfir málin. Nokkrar fyrirspurnir bárust frá foreldrum um næringargildi matseðils í mótuneyti og eru þessi atriði í nánari skoðun. Margt annað gott kom fram á foreldrafundum. Samstarf við félags- og skólaþjónustu hefur verið í skoðun. Haldinn var fundur á Hellissandi með skólastjórum grunnskólanna á Snæfellsnesi og er verið að fara yfir málin með nýjum forstöðumanni.

Grænfánavinna er komin af stað í yngri deild eða í 1.-5. bekk og verður unnið áfram í samstarfi við Þórunni Sigþórsdóttur og fleiri fagaðila.

Comeniusarverkefni: Sigurborg Sturludóttir, Sesselja Kristinsdóttir og Helga Sveinsdóttir fóru til Finnlands nú í september í tengslum við verkefnið. Búinn verður til Comeniusar vefur innan grunnskólans, Comeniusar vegg innan skólans og fleiri hugmyndir eru í farvatninu. Þær Sigurborg, Sesselja og Helga munu miðla upplýsingum til samstarfsmanna sinna í skólanum á starfsmannafundi í skólanum á morgun. Fulltrúar frá aðildarlöndum verkefnisins koma hingað í apríl nk.

Skólahlaup GSS var síðastliðinn föstudag og var það meðal annars verkefni skólans í tengslum við Forvarnardaginn 28. september sl.

Framundan eru brunaæfingar í grunnskólanum. Söfnunarstaður grunnskólans við Borgarbraut er íþróttamiðstöðin þar sem fram fer nafnakall en við barnaskólann við Skólastíg er dvalarheimilið söfnunarstaður.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk verða 19. og 20. október nk.

Áfram verður unnið í hópum með faglegt samstarf er lítur að innra starfi og/eða skipulagi skólans og dreifði skólastjóri yfirliti yfir þessa vinnu.

Formaður fagnaði Comeniusar vef sem mun upplýsa aðra um verkefnið og bað fulltrúa skólans að upplýsa fundarmenn nánar um verkefnið. Sesselja Kristinsdóttir upplýsti nánar: Sigurborg og Kristborg fóru til Ítalíu á síðasta skólaári í fyrstu heimsóknina. Þær þrjár fóru svo núna til Finnlands þar sem línurnar voru lagðar fyrir veturinn. Verkefnið tekur þrjú ár í heildina. Fram að

jólum mun hver skóli vinna að kynningu á sínu landi og sínum bæ, upplýsingarnar settar á einföldu formi á vefsíðu verkefnisins og svo verður gerður Comeniusar veggur í hverjum skóla þar sem upplýsingar verða settar upp. Eftir jól verða tekin fyrir jól og páskar í hverju landi og fjallar þetta um ólíka siði í hverju landi. Finnlandsferðin gekk vel, var skemmtileg og fróðleg og verkefið spennandi.

Formaður gaf orðið laust til fyrirspurna.

Sigrún nefndi varðandi matseðilinn í skólanum að hægt er að skoða vef Lýðheilsustöðvar og afla upplýsinga þar. Spurði einnig um mjólkurkælana og greindi frá því að þetta sé á döfnni í leikskólanum. Mikil ánægja er með þessa nýju mjólkurkæla í skólanum og krakkarnir drekka vel af mjólk.

Spurði einnig um fund skólastjóra með FSS á Hellissandi. Gunnar greindi frá því að hann hafi óskað eftir þeim fundi og aðrir skólastjórar á Nesinu voru boðaðir líka til að fara yfir málin. Leikskólastjóri greindi frá því að full þörf er á því að fara yfir hlutina, þetta sé þjónusta sem stofnanirnar kaupa og því æskilegt að fá að vera með í ráðum varðandi starfsemina.

Ingveldur ræddi einnig næringarinnihald matseðla, og útgáfu leiðarvísis um næringarinnihald. Skólastjóri sagði að þessir hlutir eigi að vera í lagi og því sé verið að skoða málin. Talsvert rætt um málefni mötuneytis við skólann.

1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Talmeinafræðingur hefur komið í heimsókn frá síðasta fundi. Einnig Albert forstöðumaður FSS þar sem Sigrún fór aðeins yfir hvaða þjónustu leikskólinn vill fá. Ítrekaði að gott sé aðhalda fundi með forstöðumönnum í upphafi skólaárs til að fara yfir stöðu mála.

Fyrstu skólaheimsókn elstu nemenda í grunnskólann er lokið. Skiptinemaheimsóknir, elstu nemenda og 1. bekkjar verða svo einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Verið er að ganga frá pöntun á eldhústækjum í nýja leikskólann.

Á síðasta starfsmannafundi fór starfsfólkið í hópferð í nýja leikskólann og list þeim mjög vel á nýja húsnæðið.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður væntanlega 10. október nk.

Skóladaatali verður dreift á næsta fundi.

Starfsdagur verður 13. nóvember.

Starfið er annars í föstum skorðum, hópstarf, val og annað vetrarstarf komið vel á veg.

Formaður samsinnti því að gott væri að halda formlega fundi með fulltrúum Félags- og skólaþjónustunni þar sem farið er yfir málin. Gunnar sagði einnig að gott væri t.d. að halda fund að vori og svo aftur að hausti í upphafi skólastarfs.

Sigrún ítrekaði að það þarf að skapa sterkari tengsl á milli FSS og þjónustuþega á svæðinu.

Formaður gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir til Sigrúnar.

Gunnar sagðist sammála Sigrúnu um nýja leikskólann, húsnæðið verði flott og væntanlega verði gott að starfa þarna á nýjum vettvangi. Greinilegt að undirbúningur hefur verið unninn af fagmennsku. Sagði jafnframt spennandi tíma framundan í samskonar vinnu varðandi grunn- og tónlistarskóla.

Spurt var um tímasetningar, hvort að byggingin standist áætlun. Sigrún sagði verkfund vera framundan og þá kæmi það í ljós. Þökulagning sé í gangi, malbikun sé lokið og þetta líti vel út.

2. Stækkun grunnskóla- og bygging tónlistarskóla.

Formaður lét vinnuöppu vinnuhópsins ganga meðal fundarmanna til að upplýsa þá um verkefnið og fór hann stuttlega yfir stöðu mála. Kynningarfundur var haldinn 20. september sl. fyrir vinnuhópin og fyrsti vinnufundur af þremur verður haldinn 4. október nk.

Það sem er undir í þessari vinnu er grunnskóli, tónlistarskóli, bókasafn, félagsmiðstöð og jafnvel samkomusalur. Verkefnið er sem sagt mjög opið.

Formaður bað Gunnar að greina stuttlega frá verkefninu.

Gunnar lýsti ánægju sinni með verkefnið og fór aðeins nánar yfir hlutina. Greindi frá því að innan skólans mun fara fram nemendavinna á milli vinnufunda og verður leitað til grunnskólans um að koma með ákveðnar hugmyndir og svo mun vinna nemendanna koma inn á vinnufundi hjá hópnum.

Almennar umræður urðu áfram um málið.

3. Önnur mál.

3.1. Sumarlokun leikskóla, erindi leikskólastjóra frá síðasta fundi.

Formaður fór yfir erindið og lagði til að það verði samþykkt. Tillaga leikskólastjóra borin upp til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða að beina þeim tilmælum til bæjarráðs að erindið verði samþykkt.

Ýmsar umræður urðu um sumarlokun, gæsluvöll og mismun á þjónustu leikskóla og gæsluvallar.

3.2. Formaður kynnti erindi sem barst fræðslunefnd í dag og verður það tekið fyrir á næsta fundi.

3.3. Ingveldur ræddi um heimanám í grunnskólanum. Starfshópur hafi verið að skoða þau mál á síðasta vetri og spurði hún hvort eitthvað hafi komið út úr

Því. Skólastjóri greindi frá því að þeirri vinnu sé ekki lokið formlega en verður í gangi áfram m.a. í tengslum við vinnu vinnuhópsins sem framundan er.

- 3.4. Rætt var um staðsetningu leiktækja grunnskólans við Borgarbraut, þ.e. staðsetningu á rólum og mögulega slyshættu. Skólastjóri sagðist skyldu ganga beint í málið.

Sesselja ræddi í framhaldi af þessu almennt um slæmt ástand á leiktækjum og leiksvæðum skólans bæði við Borgarbraut og Skólastíg og sagðist vona að bragarbót verði gerð á sem fyrst.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.35.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.